

## Skæður bráðadauðafaraldur í A-Húnavatnssýslu:

# Þrjátíu og sex kýr drápust í fyrra

Blönduósi.


Í Austur-Húnavatnssýslu urðu 36 kýr bráðadauðar á síðasta ári og er það 3% af mjólkurkúastofninum í sýslunni. Ábúendur í Saudanesi í Torfalækjarhreppi urðu hvað hardast fyrir barðinu á þessum sjúkdómi, misstu 9 kýr eða um þriðjung af mjólkurkúastofni sínum á síðastliðnu ári. Besta mjólkurkýrin í Saudanesi varð svo bráðadauð um síðustu helgi.

Þetta var fyrsta bráðadauðatilfellið í Austur-Húnavatnssýslu á þessu ári. Að sögn Sigurðar H. Péturssonar héraðsdýralæknis í Austur-Húnavatnssýslu eru uppi efasemdir um að hér sé um garnapest að ræða eins og greindist í kúm frá Kagaðarhóli síðastliðið vor og greint var frá hér í blaðinu. Sigurður sagði að bólusetning hefði ekki haft nein áhrif á gang veikinnar hvort sem notuð eru innlend eða erlend bóluvefni. Sigurður H. Pétursson sagði að kýrnar drápust of skyndilega til þess að um garnapest geti verið að ræða. Taldi hann þetta vera líkara smiti en eitrun og benti í því sambandi á að kýr sem

hefðu verið keyptar á þá bæi, þar sem bráðadauðatilfelli eru skæðust, væru ekki eins viðkvæmar fyrir veikinni. Að sögn Sigurðar bendir það til þess að veikin sé þó nokkurn tíma að búa um sig í kúnum.

Um gang rannsókna á þessum alvarlega búfjárjúkdómi sagði Sigurður að ekkert hefði verið unnið síðan í sumar og í raun stæðu menn í sömu sporum eða jafnvel verr að vígi því greiningin á garnapestarbakteríunni síðastliðið vor gaf mönnum vissar vonir um lausn vandans en sú kenning er óðum að bresta og því er fátt um svör við lausn þessarar gátu.

— Jón. Sig.



Morgunblaðið/Bjarni

Gunnar B. Kvaran við nýjasta verkið á sýningunni, sjálfsmynd Jóns Óskars, málaða 1988.

## Kjarvalsstaðir:

# Sýning á sjálfsmyndum íslenskra málara

SÝNING á sjálfsmyndum eftir íslenska myndlistarmenn verður opnuð á Kjarvalsstöðum næstkomandi sunnudag, 31. janúar, kl. 14. Er þetta í fyrsta sinn sem sýning sem þessi er haldin hérlandis og þó víðar væri leitað, að sögn Gunnars B. Kvaran listfræðings en hann valdi myndir á sýninguna. Um 70 sjálfsmyndir verða sýndar og er sú elsta mynd Sigurðar Guðmundssonar frá um 1850. Nýjasta myndin er svo sjálfsmynd Jóns Óskars, máluð á þessu ári.

Gunnar B. Kvaran sagði að áhersla væri lögð á að sýna hverja einstaka mynd, ekki samspil þeirra eins og á flestum sýningum. Því yrði reynt að haga lýsingu í sam-

ræmi við það. Yrði salurinn myrkvaður og hver mynd lýst sérstaklega.

Mest er um olíumálverk á sýningunni en einnig má nefna vatnslitamyndir, blýants- og krita-teikningar og ljósmyndir. Gunnar sagðist ekki hafa sett myndir af gjörningum á sýninguna þar sem gjörningalistamaðurinn væri oft stöð í sínum verkum en ekki aðalatriði þeirra.

Meðal þeirra sem verk eru eftir á sýningunni má nefna Jóhannes S. Kjarval, Nínu Tryggvadóttur, Alfreð Flóka, Þórarín B. Þorláksson, Gunnar Örn, Rúrí, Júlíönu Sveinsdóttur og Jón Stefánsson, en hann mun vera eini íslenski myndlistarmaðurinn sem hefur gert sjálfsmynd af sér sem málara.

Sýningin stendur til 14. febrúar.

# Skelveiðin er hafin

Stykkishólmi.

VERTÍÐ er nú hafin eftir áramótin. Þrjár bátar eru nú á línuveiðum og svo eru skelveiðarnar hafnar. Fiskvinnslustöðvarnar hafa því nokkuð umleikis og allt kemur þetta atvinnulífina á hreyfingu. Fimm manns vinna við beitingu á hverjum bát og miklu fleiri að aðgerð aflans.

Þá er undirbúningur í fullum gangi að netaveiðum sem nú eru skammt framundan og fólk í önn

við að ganga frá netum. Einn bátur hefir bæst við flotann hér eins og áður hefur verið sagt frá, Kópur frá Stokkseyri, sem nú hefir verið skírður upp og heitir nú Ársæll SH 88, en Ársæll sem fyrir var hér með sama númeri var seldur til Flateyrar og að tonnatali er hér um aukningu að ræða. Aftur á móti hefir m.b. Hrímnir verið seldur héðan úr bænum til Hólmavíkur.

— Árni

# Engin hækkun í heilt ár

— Já, því ekki að segja frá því þegar allt verðlagskerfi landsins riðlast, að í verslun okkar hafa húsgögn ekki hækkad — í það heila tekið — síðan í febrúar í fyrra.

Síðan 1964 — þegar við byrjuðum að versla — hefur aldrei verið hagstæðara að kaupa húsgögn en nú.

## Vinningur

Í verslun okkar eru öll húsgögn verðlögð á nettóverði — svo nefndu staðgreiðsluverði, sem að sjálfsgöðu verður til þess að þeir, sem kaupa með afborgunum hjá okkur, skaðast ekki um staðgreiðsluafslátt, sem víða er 5–10% af útsöluverði — og augljóslega hrein viðbót við vexti.

## Peningar

Greiðslukortin frá Visa og Euro eru peningar í verslun okkar — eins og hverjir aðrir peningaseðlar — hvort heldur sem fullnaðargreiðsla eða útborgun á kaupsamninga. Greiðslukortin eru peningar okkar tíma — svo einfalt er það.

## Auðvelt

Við bjóðum upp á léttar greiðsluráðir — í allt að 12 mánuði — á afborgunarsamningum, sem greiða má af í hvaða banka sem er — og samninga, sem kortafyrirtækin Euro og Visa gefa út og annast innheimtu á, þér að fyrirhafnarlausu. Eurokredit og Visa vildarkjör.


## Öryggi

Dagsett sölunóta er ábyrgðarskirteini þitt, því við bjóðum 2ja ára ábyrgð á gæðum efnis og vinnu húsgagnanna.

## Úrval

Öll viljum við eiga falleg heimili og það er gaman að versla þar sem úrval er mikið — ef við gefum okkur til þess góðan tíma. Berum saman hinar ýmsu gerðir og liti, mælum og metum gæðin og gerum verðsamanburð.

Í Húsgagnahöllinni er mesta og fjölbreyttasta úrval húsgagna á Íslandi — um það efast enginn sem litur til okkar.



# húsgagna-höllin



REYKJAVÍK